



Fundargerð

448. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 10. mars 2020 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) og Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir í forföllum Emblu Daggar Jóhannsdóttur, auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti ÁHH bauð fólk velkomið og setti fund. Hún óskaði eftir að taka á dagskrá; „Bréf frá Breiðafjarðarnefnd“, „Ásgarður education ehf“, „Heilsuvika“, „Félagsmiðstöð“ og „Framkvæmdir“ undir önnur mál. Jafnframt að liðurinn „Vestfjarðavíkingurinn“ falli brott.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Umhverfis- og náttúruverndanefnd frá 4. mars 2020:

Lögð fram fundargerð Umhverfis- og náttúruverndanefndar frá 4. mars sl.

Vegna 1. liðar, Hunda- og kattahald, lagði sveitarstjóri fram breytingatillögu við samþykkt um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

Þar er lagt til að lausaganga katta sé bönnuð á Reykhólum yfir varp- og uppeldistímann frá 1. apríl til 1. september.

Sveitarstjórn telur brýnt að vernda fuglalíf á Reykhólum sem hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og fuglaskoðara.

Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Vegna 2. liðar felur sveitarstjórn oddvita, sveitarstjóra og formanni umhverfis- og náttúruverndarnefndar að hefja viðræður við sveitarfélögin á Ströndum um hugsanlega samvinnu í sorpmálum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu.

2. Barnvæn sveitarfélög:

Lagt fram bréf frá félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi varðandi þátttöku Reykhólahrepps í verkefninu barnvæn sveitarfélög sem byggir á innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Sveitarstjórn líst vel á erindið og vísar því til Mennta- og menningarmálanefndar og Ungmennaráðs til frekari skoðunar.

3. Vestfjarðarkort:

Lögð fram beiðni um að auglýsa á Vestfjarðakortinu. Ekki unnt að verða við erindinu.

4. Fjárhagsáætlun 2020 - breytingar:

Sveitarstjóri kynnti tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2020.

Bæjarskrifstofa önnur sérfræðipjónusta. + 1.400.000 kr v/Auðnast.
Uppgjör vegna Hólabúðar 800.000 kr + viðgerðir fjárfesting +1.400.000 kr.
Tjaldsvæði tekjur -355.500 kr. / viðhald +355.500 kr. en annar rekstur falli út.
Almannavarnarnefnd viðbót +500.000 kr. vegna fleiri funda.
Bæjarskrifstofa styrkir og framlög 0900 tekjur -5.300.000 kr.
Mismunur færir á rekstrarniðurstöðu fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

5. Málefni fatlaðra:

Jóhanna gerði grein fyrir frístundapjónustu fyrir fatlaða og kynnti bréf frá félagsmálastjóra. Vænlega horfir með starfsfólk til að sinna fötlunarpjónustu og sveitarfélagið mun beita sér fyrir að útvega þeim húsnæði. Stefnt að fundi með öllum viðkomandi fyrir mánaðarlok.

6. Hótel Flatey:

Lögð fram umsagnabeiðni frá Sýslumanninum Vestfjörðum vegna rekstarleyfis til handa Gunnlaugs Grettissonar fyrir hönd Plássins ehf. kt. 550206-0800. Um er að ræða gististað í flokki IV vegna hótels í Flatey.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

7. Fjörður - byggingarleyfi:

Lögð fram byggingaleyfisumsókn frá Kristín Þorsteinsdóttir ehf. vegna bogahúss á Firði nr. 139608.
Vísað til byggingarfulltrúa.

8. Vestfjarðavegur:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmdarleyfis en stefnt er að því að auglýsa það fyrir vikulok.

Il lagði fram bókun vegna málsins.

„Veglagning um Teigskóg hefur tekið um 17 ár í undirbúning. 5.3 milljónir sem gjald fyrir 17 ára þvæling málsins í kerfinu er með öllu óásættanlegt. Ég get ekki með nokkru samþykkt slíka smáanar upphæð fyrir vinnu allra þeirra aðila sem komið að málinu síðustu 17 árin. Ég hvet því aðra sveitarstjórnarmenn til að hafna þessari smáupphæð og samþykkja gjald sem gæti verið nær því að dekkja þann kostnað sem af málinu hefur orðið. Ég legg því til að samþykkt verði að fara í kostnaðargreiningu á málinu síðastliðin 17 ár til að finna réttilegan kostnað við framkvæmdarleyfið og sá kostnaður verði grunnur að nýju framkvæmdarleyfisgjaldi.“

Tekin fyrir tillagan sem kemur fram í niðurlagi bókunarinnar.

Tillaga felld með 2 atkvæðum gegn 1, Il greiddi atkvæði með, en JÖE og ÁHH gegn. ÁÝS og Kolfinna sátu hjá.

Mál til kynningar:

9. Covid-19:

Farið yfir stöðuna vegna Covid-19 veirunnar og viðbragðsáætlanir við henni. Sérstaklega skal lögð áhersla á öll þrif í stofnunum sveitarfélagsins, en nokkur misbrestur hefur verið á því. Það er nauðsynlegt að bætt verði úr því hið bráðasta. Sveitarstjóra falið að koma því á framfæri við yfirmenn sveitarfélags.

Önnur mál:

10. Bréf frá Breiðafjarðarnefnd:

Lagt fram bréf frá Breiðafjarðarnefnd en hún ásamt Náttúrustofu Vesturlands standa fyrir opnum fundum um framtíð Breiðafjarðar. Óskað er eftir halda slíkan fund á Reykhólum þann 24. mars nk. kl 17.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að vera í sambandi við bréfitara.

11. Ásgarður education ehf.:

Lagt fram bréf frá Ásgarði educations ehf. Óskað er eftir fundi með sveitarstjórn. Vísað til Mennta- og menningarmálanefndar.

12. Heilsuvika:

JÖP gerði grein fyrir fyrirhugaðri heilsuviku. Skipað hefur verið í stýrihóp um heilsueflandi samfélag, í stýrihópnum eru: Agnieszka Anna Marcinkowska-Kowalczyk, Björn Samúelsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, María Maack og Ólafía Sigurvinsdóttir.

13. Félagsmiðstöð:

Farið yfir stöðuna í félagsmiðstöðinni en starfsemi hennar hefur legið niðri vegna klóaksvanda. Brýnt að geta losað rotþró við félagsmiðstöðina sem fyrst.

Tómstundafulltrúa, oddvita og bæjarverkstjóra falið að vinna að útlausn málsins.

14. Framkvæmdir:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda sem eru fyrirhugaðar. ÁHH ræddi stöðuna í skólaeldhúsinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15
